

## **Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**

### **1. fundur 2018 (76. fundur)**

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19.01.2018 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Sigurður Thoroddsen og Kristinn Halldórsson boðuðu forföll. Steinþór Einarsson tók þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

#### **1. Deiliskipulag Háaleitishlaðs – afgreiðsla skipulagsnefndar eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 12.12.2017, þar sem gerð er athugasemd við að skipulagsnefnd birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags Háaleitishlaðs í B-deild Stjórnartíðinda vegna nokkurra tiltekinna atriða. Meginatriðin eru tvö: Athugasemd Landhelgisgæslunnar sem telur að olíubirgðastöð eigi að vera innan öryggisgirðingar Keflavíkurflugvallar er ekki svarað með fullnægjandi hætti í umsögn skipulagsnefndarinnar frá 8.11.2017. Færa þörf rök fyrir því af hverju ekki sé þörf á að hafa olíubirgðastöðina innan öryggisgirðingarinnar, ekki nægi að segja að hún sé utan deiliskipulagssvæðisins. Ennfremur segir Skipulagsstofnun að fjalla þurfi um byggingar þær sem heimilt er að rífa og gildi þeirra, menningar- eða sögulegt. Aðrar athugasemdir eru tæknilegar sem komið verður á mótis við eftir atvikum í greinargerð deiliskipulagsins.

Lögð var fram eftirfarandi greinargerð Isavia um öryggisgirðinguna:

Undanfarin misseri hefur Isavia leitað leiða til að minnka flugverndarsvæði Keflavíkurflugvallar og þar með stytta girðingar sem vakta þarf nokkrum sinnum á sólarhring. Unnið er út frá því að ekki verði dregið úr gæðum flugverndar enda er meginmarkmið girðingarinnar að tryggja flugvernd á flugvelli. Við breytingu á girðingum Isavia á Keflavíkurflugvelli veturinn 2016 - 2017 breyttust girðingar þannig að olíubirgðastöð (Fuel East) er utan við girðingar Keflavíkurflugvallar. Olíubirgðastöðin er innan B-svæðis á Keflavíkurflugvelli og því ekki á ábyrgð Isavia eða hluti af skipulagssvæði sem fellur undir skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Olíubirgðastöðin er þó áfram innan öryggisgirðingar sem er á ábyrgð rekstaráðila olíubirgðastöðvarinnar og hefur því væntanlega sambærilega stöðu og t.d. olíubirgðastöðin í Helguvík sem einnig er öryggissvæði skv. auglýsingu utanríkisráðuneytisins um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Vissulega má

rökstyðja að meira öryggi væri að hafa olíubirgðastöðina innan girðingar Keflavíkurflugvallar með þeirri vöktun sem því fylgir en þó hlýtur það að vera ákvörðun Isavia í samráði við flugverndaryfirvöld (Samgöngustofu) að ákveða hvar mörkin eru dregin. Ef, eins og í þessu tilfelli, einhverjar byggingar eða lóðir lenda utan flugverndargirðinar er það væntanlega á ábyrgð húseiganda eða lóðarhafa að tryggja öryggi eigna sinna en ekki hlutverk Isavia.

Ennfremur var lögð fram eftirfarandi greinargerð Landhelgisgæslunnar:

Með vísan til dagskrár næsta fundar og bréfs Skipulagstofnunar, dags. 12. desember 2017, en þar er vísað til athugasemda Landhelgisgæslu Íslands (LHG) varðandi austur-olíubirgðastöðina, teljum við rétt að benda á eftirfarandi:

Landhelgisgæsla Íslands sem fer með framkvæmd öryggis- og varnarmála, samanber samning við utanríkisráðuneytið, ítrekar mikilvægi þess að góð samvinna sé við rekstraraðila Keflavíkurflugvallar um skipulags- og rekstarmál, þ.m.t. staðsetningu öryggisgirðingar umhverfis flugvallarsvæðið og að tekið sé tillit til mismunandi sjónarmiða í þeim tilgangi. LHG telur það auka rekstraröryggi flugvallarins og olíubirgðastöðvarinnar ef stöðin er staðsett innan öryggisgirðingar vallarins, þ.e.a.s. eins og var áður en girðingin var færð. LHG gerir sér grein fyrir að lega girðingar er vegna flugverndarmála, þ.e. ekki skipulagsmál og mun því taka málið upp við Isavia á reglulegum samstarfsvettvangi aðila.

Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið  
Jón B. Guðnason, framkvæmdastjóri

Skipulagsnefndin samþykkti eftirfarandi bókun vegna þessara atriða:

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar leggur til að rekstraraðilar Keflavíkurflugvallar (A og B svæða) eigi með sér samvinnu um legu girðinga sem og rekstur mála er lúta að öryggismálum svæðiðs og vinni þannig að sem bestu öryggi flugvallarins í heild. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vísar til greinargerðar deiliskipulagsins þar sem segir í kafla 3.8. Lega girðinga í flugverndarmörkum að legan er ekki háð skipulagsskilmálum og getur tekið breytingum eins og þurfa þykir að teknu tilliti til öryggismála. Því metur skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar málið þannig að Isavia og Landhelgisgæslan geti unnið þetta mál sín á milli án meiri aðkomu skipulagsyfirvalda að málinu

Lagt var fram erindi Minjastofnunar, dags. 17.01.2018, þar sem stofnunin hvetur til að ráðist verði í húsakönnun fyrir svæðið hið fyrsta þannig að menningar- og byggingarsögulegt mat liggi fyrir áður en deiliskipulagsáform verða samþykkt og ráðist er í frekara niðurrif bygginga á skipulagsreitnum.

Skipulagsnefndin samþykkti að farið verði í húsakönnun á skipulagsreitnum hið fyrsta og áður en deiliskipulagið verður endanlega samþykkt.

Farið var var yfir greinargerð deiliskipulagsins með áorðnum breytingum til að koma á móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefndin er sammála og samþykkir þær breytingar sem gerðar voru á texta greinargerðarinnar.

## 2. **Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs – breytingar við Rósaselstorg**

Vísað er til gagna Sveitarfélagsins Garðs vegna kynningar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030 varðandi breytta landnotkun við Rósaselstorg. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur farið yfir tillöguna og kemur á framfæri eftirfarandi ábendingum:

- Skipulagsnefndin minnir á að svæði við Rósaselstorg er nærri flugstefnu einnar flugbrautar Keflavíkurflugvallar og er því ástæða til að gera auknar kröfur til hljóðeinangrunar húsa á svæðinu umfram það sem annars væri gert. Isavia hefur unnið að hljóðmælingum að undanfögnu og gæti lagt til upplýsingar um mældan hávaða á nokkrum stöðum nærri flugvellingum ef óskað er.
- Í greinargerð skipulagstillögunnar er vísað í farþegaspá Isavia í þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar. Skipulagsnefndin telur að eðlilegra sé að miða við farþegaspá í nýsamþykktu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar eða jafnvel fá nýjustu spá hvers tíma til að vinna út frá.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við skipulagstillöguna af hálfu skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Einar Jón Pálsson vék af fundi undir þessum lið.

## 3. **Umhverfismat. Kynning á svari Skipulagsstofnunar til Isavia vegna heildstæðs mats á umhverfisáhrifum framkvæmda á Keflavíkurflugvelli**

Lagt var fram erindi Isavia til Skipulagsstofnunar, dags. 13.12.2017, varðandi áform Isavia um að meta heildstætt umhverfisáhrif ákveðinna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Isavia leggur til að framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli verði skipt upp í tvo megináfanga. Fyrri áfanginn snýr að framkvæmdum sem sem áætlað er að ráðast í á næstu 10 árum miðað við núverandi forsendur. Síðari áfanginn snýr að gerð nýrrar flugbrautar sem gerð yrði eftir fyrri 10 árin en hefja þyrfti undirbúning að fyrr.

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar til Isavia, dags. 20.12.2017, um sama efni. Skipulagsstofnun er sammála því að ávinningur sé í að meta umhverfisáhrif ýmissa fyrirhugaðra framkvæmda á flugvellinginum í heild sinni og fellst á þessi áform Isavia.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar tekur undir þessi áform Isavia.

## 4. **Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar**

Rætt var um skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar. Málið er áfram í vinnslu en skipulagsnefndin leggur áherslu á að ljúka þarf því sem fyrst.

## 5. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>